

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 18.10.2019
Tilvísun: 20191001568

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgr. vegna vinnu á byggingarstað) - 10. mál, þskj. 10


Ríkisskattstjóri hefur þann 27. september 2019 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að endurgreiðsla á virðisaukaskatti vegna vinnu manna við byggingu, endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði verði hækkuð úr 60% í 100%.

Ríkisskattstjóri vísar í þessu sambandi til fyrri umsagna embættisins um þetta efni, m.a. umsögn dags. 20. febrúar 2009, um frumvarp til laga nr. 10/2009 (136. löggj.þing; 289. mál), þar sem m.a. kemur fram að mikilvægur hvati dulinnar atvinnustarfsemi sé að kaupendur þjónustu telji sig geta sparað fjármuni með því að semja við seljanda um að virðisaukaskattur verði ekki innheimtur. Með fullri endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu manna við byggingu, endurbætur og viðhald á íbúðarhúsnæði sé sá hvati ekki til staðar að því er þessa starfsemi varðar og því góðar líkur á að skattskil muni batna.

Virðingarfyllst,
f. h. ríkisskattstjóra


Óskar Helgi Albertsson


Bjarni Amby Lárusson